

Nr.: GAT-044	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016	RALV1RÖ03 – Verkefni 5.	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

Raflögn með þrýstirofum og veltirofa.

Veltirofi er annað nafn yfir stuðstraumsrofa, stuðstraumslíða eða kiplíða.

Veltirofar eru með eina til þrjár aflsnertur með málstraum frá 10A til 16A. Á framhlið þeirra má stjórna virkni þeirra með sérstökum hnapp. Rofarnir eru tvístöðu þ.e. hafa tvær stöður og vinna þannig að í hvert sinn sem þeir fá púls frá þrýstirofa þá skiptir útgangs snerta um stöðu (ON verður OFF eða öfugt).

Fjarlægið tengla og rofa úr öllum dósnum ásamt vírum þeim tengdum. Setjið búi af din skinnu við lausa stútinn á A dósinni en á hana smellur rofinn. Hager EP 510N.

Setjið þrýstirofa í dósir C, D og E og eiga þeir að stýra veltirofanum sem síðan kveikir ljós á peru í dós G.

Teiknið fjöllínumynd eftir einlínunmyndinni þar sem tilgreind eru heiti og litir víra og sýnd tákn. Þegar þið hafið fengið hana samþykkt hjá kennara eigið þið að draga rétta víra í rörin eftir henni.

Athugið að í öllum ljósadósnum á að vera jörð.

Athugið að öll mál eru gefin upp í millimetrum.

Þegar þið teljið ykkur vera búin að tengja kallið þið í kennarann sem fer yfir tengingar með ykkur áður en þið prófið.

Þegar þið hafið lokið við verkefnið takið þið mynd af spjaldinu ykkar sem fer í skilahólf merkt skilaverkefni 2, ásamt fjöllínunmyndinni og ykkar lýsingu á verkefninu.

Í lýsingu á að koma fram hvernig ykkur gekk að vinna verkefnið, hvað ykkur fannst erfitt og svo annað sem þið viljið að komi fram.

